FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
298. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 19. DESEMBER 2016




Jólatónleikavertíðin stóð sem hæst um helgina og stóðu Baggalútspiltar vaktina í Háskólabíói. Þetta er ellefta árið í röð sem Baggalútur stendur fyrir slíkum tónleikum og fara vinsældir sveitarinnar síst dvínandi. Miðasala á tónleikana fór fram í september og seldust um 12 þúsund miðar, að andvirði 90 milljónir króna, upp á örskotsstundu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Samfylkingin tapar miklu í borginni

**Fylgi Samfylkingarinnar í Reykjavík mælist þrefalt hærra en fylgi flokksins í nýliðnum þingkosningum. Þrátt fyrir það hrapa vinsældir flokksins ef miðað er við úrslit síðustu borgarstjórnarkosninga þegar hann fékk tæp 32 prósent. Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærstur.**

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin í borginni mælist með tæplega helmingi minna fylgi í nýrri könnun fréttastofu 365 heldur en hún fékk í borgarstjórnarkosningunum árið 2014. Flokkurinn myndi tapa einum borgarfulltrúa þrátt fyrir fjölgun þeirra úr fimmtán í 23 næst þegar kosið verður.

Samfylkingin fékk 31,9 prósent í kosningunum 2014 en mælist með rétt rúm 17 prósent í könnuninni. Athyglisvert er að sjá að fylgi flokksins í borginni er þrefalt miðað við úrslit þingkosninganna fyrr í haust.




Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar eru nú fimm talsins en yrðu fjórir ef niðurstöður kosninga yrðu á sömu leið og niðurstöður könnunarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn mælist langstærstur með um 32 prósent.

Könnun fréttastofu var gerð dagana 12.-14. desember. Hringt var í 1.016 einstaklinga. 617 svöruðu og tóku tæp 60 prósent afstöðu til spurningar um hvaða flokkur í borginni yrði fyrir valinu. **– jóe /** **sjá síðu 4**

## Þurfa meiri tíma

**HEILBRIGÐISMÁL** Forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HHS) vill seinka gildistöku nýrrar reglugerðar um tilvísanir fyrir börn. Reglugerðin er í umsagnarferli en áætluð gildistaka er 1. febrúar á nýju ári.

Reglugerðin felur í sér að foreldrar sem leita með börn sín beint til barnalæknis greiði umtalsvert hærra gjald en þeir sem hafa fengið tilvísun frá heimilislækni. Foreldrar sem leita fyrst til heimilislæknis, og þaðan til barnalæknis, munu áfram greiða sama gjald, 890 krónur, en verð fyrir aðra verður á bilinu 5-8 þúsund krónur.

„Við erum sammála því að heilsugæslan verði fyrsti viðkomustaður en þetta er fullknappur fyrirvari. Við höfum viljað efla heilsugæsluna að mannskap og aðstöðu áður en breytingin tekur gildi,“ segir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri HHS. **– jóe**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um pólitíkina. **15**

**SPORT** Napóleon fótboltans leggur England að fótum sér. **17-20**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015













## Veður




Nokkuð hvöss suðvestanátt, jafnvel stormur norðvestantil á landinu. Yfirleitt þurrt á Norðaustur- og Austurlandi, en gengur á með dimmum éljum í öðrum landshlutum. SJÁ SÍÐU 22




**Anthony Levandowski, varaforseti Uber.** NORDICPHOTOS/AFP

# Prófanir Uber vekja grunsemdir

**TÆKNI** Bifreiðaeftirlit Kaliforníuríkis í Bandaríkjunum krefst þess að Uber hætti þegar í stað að prófa sjálfkeyrandi bíla á götum ríkisins. „Það er ólöglegt fyrir fyrirtækið að keyra sjálfkeyrandi bíla sína á opinberum vegum án opinbers leyfis,“ segir í bréfi sem bifreiðaeftirlitið sendi Uber í gær.

„Því þarf fyrirtækið þegar í stað að hætta prufum þar,“ segir enn fremur í bréfinu.

Stjórnendur Uber eru hins vegar ósammála mati bifreiðaeftirlitsins. „Við höfum tekið eftir umræðu um hvort sérstakt leyfi þurfi fyrir prófanir okkar á sjálfkeyrandi tækni. Við höfum kynnt okkur málið vandlega og trúum því að sú sé ekki raunin,“ skrifaði Anthony Levandowski, varaforseti fyrirtækisins, í bloggfærslu.

Þá gagnrýndi Levandowski reglugerðir ríkisins og sagði þær almennt of strangar. Þær gætu haft þau áhrif að hægja á framþróun tækninnar.

Prófanir Uber á sjálfkeyrandi bílum standa einnig yfir í Pennsylvaníuríki sem hefur ekki sett sams konar lög og Kalifornía.

Uber er þó ekki eina fyrirtækið sem prófar umrædda tækni þessa dagana í Kaliforníu. Tuttugu önnur fyrirtæki hafa fengið leyfi frá bifreiðaeftirliti ríkisins til slíkra prófana. Þeirra á meðal eru til að mynda Google, Tesla, BMW, Honda, Ford, Mercedes Benz, Nissan og General Motors. **– þea**

## Í gegn skal það



Stærstur hluti landsmanna er byrjaður að huga að jólum og eru þessir einstaklingar engin undantekning. Þeir höfðu kíkt í jólatréssölu Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og voru í óðaönn að ganga frá tré því sem mun prýða stofuna um jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Segir samræmi skorta í fjárlögin

**FJÁRLÖG** „Mikilvægt er að samræmi sé á milli fjármálaáætlunar og fjárlaga því annars missir áætlunargerð um opinber fjármál marks,“ segir í umsögn Ríkisendurskoðunar. Hún telur vera ósamræmi á milli fjárlagafrumvarpsins og fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar og að það ósamræmi hafi ekki verið rökstutt með skýrum hætti.

Vegna þess skamma tíma sem Ríkisendurskoðun fékk til að vinna umsögnina gafst henni ekki nægilegt ráðrúm til þess að fara yfir frumvarpið hvað ósamræmið varðar. Það sé einkum vegna þess að framsetning frumvarpsins sé mjög breytt frá því sem verið hefur.

Hún hvetur fjármálaráð að leggja mat á hvort fjármálastefna og fjármálaáætlun fylgi þeim grunngildum og skilyrðum sem tilgreind eru í lögum um opinber fjármál. **– þh**

# Stýrði hljómsveit James Bond í Abbey Road

Birgir Hilmarsson gerði tónlist fyrir nýja auglýsingaherferð bresks stórfyrirtækis. Tónlistin var tekin upp í Abbey Road-hljóðverinu. Birgir stýrði Chamber Orchestra of London sem hefur spilað undir í James Bond-kvikmyndum.

**TÓNLIST** „Þegar ég kom fyrst inn í salinn á þessu fornfræga hljóðveri þá fannst mér hann ekki merkilegur að sjá og minna einna helst á gamlan íþróttasal í grunnskóla. En þegar sinfóníuhljómsveitin byrjaði að spila verkið og við heyrðum það sem kom út úr hátölurunum, þá fékk ég gæsahúð og gerði mér grein fyrir þeim forréttindum sem ég stóð frammi fyrir,“ segir tónlistarmaðurinn Birgir Hilmarsson, sem stýrði nýverið 55 manna sinfóníuhljómsveit í hinu víðfræga Abbey Road-hljóðveri.

Birgir gerði tónlist fyrir auglýsingaherferð Thomson-ferðaskrifstofunnar en fyrsta auglýsingin er frumsýnd í dag í Bretlandi. Ferlið var töluvert langt en hann var búinn að vinna nokkrum sinnum með stofunni sem sá um verkefnið. „Ég var í raun búinn að afskrifa verkefnið eftir að hafa ekkert heyrt í nokkra mánuði, en svo komu góðu fréttirnar og þá breyttist allt aftur og ég hoppaði af kæti.“

Abbey Road er víðfrægt hljóðver en trúlega tengja flestir það við Bítlana enda tóku þeir upp mestallt sitt efni þar á árunum 1962-1970. „Ég reyndi að halda kúlinu allan daginn og það tókst ágætlega. Það var 12 manna teymi inni í stjórnherberginu með okkur allan tímann og maður varð að líta út fyrir að vera atvinnumaður, þó að það hafi verið erfitt á köflum, því mann langaði helst að hoppa, fíflast og kætast yfir þessu öllu saman,“ segir hann léttur.

Sinfóníuhljómsveitin Chamber Orchestra of London hefur spilað undir í mörgum kvikmyndum eins og James Bond og Harry Potter og sjónvarpsþáttaröðunum Planet Earth og Downton Abbey. Hljómsveitin hefur unnið með mörgum tónskáldum sem Birgir lítur upp til og viðurkennir hann að hafa verið örlítið stressaður þegar hann ávarpaði sveitina í fyrsta sinn. „Það var alger draumur að vinna með þeim. Betri klassískum hljóðfæraleikurum hef ég ekki unnið með áður, maður gæti alveg vanist þessu.“



Birgir segir að reynslan við að vinna við aðstæður í Abbey Road með tónlistarmönnum á heimsmælikvarða hafi verið ómetanlegt. MYND/ÚR EINKASAFNI

> Það var 12 manna teymi inni í stjórnherberginu með okkur allan tímann og maður varð að líta út fyrir að vera atvinnumaður, þó að það hafi verið erfitt á köflum, því manni langaði helst að hoppa, fíflast og kætast yfir þessu öllu saman.
>
> Birgir Hilmarsson

Birgir er að vinna að sinni annarri breiðskífu og er búinn að semja 11 lög. „Ég sem bæði einn og með konunni minni og vinum og án þeirra væri ég ekki kominn svona langt og hefði líklega ekki haldið þetta út. Mér finnst ég vera að kafa dýpra í sjálfan mig á þessari plötu.

Eins og fyrri platan, þá er þessi einnig mjög persónuleg og fjallar um þá hluti sem ég og mínir erum að takast á við í lífinu. Þessi lög eru öll sprottin af tilfinningum, án þeirra hefðu lögin líklega ekki orðið til.“

benediktboas@365.is





Öll jólavara
20-70%
afsláttur
JÓLAGJAFIRNAR
FÆRÐU Í RÚMFATALAGERNUM
Allir borðdúkar
35%
afsláttur
Gildir til 24.12
NÚ VERÐ FRÁ:
1.751
Sparið
5.000
krónur
Gildir til 24.12
FULLT VERÐ: 24.950
19.950
OLIVER SKRIFBORÐSSTÓLL
Stóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Hægt að rugga.
Litir: Svartur/rauður, svartur/blár og svartur/hvítur.
Vnr. 8880000858, 8880000859, 8880000830
GOLD
EINSTÖK GÆÐI
DANICA
Sparið
15.000
af sæng
Gildir til 24.12
FULLT VERÐ: 34.950
19.950
DANICA WARM ANDADÚNSÆNG
Dönsk gæðasæng fyllt með 90% andadúni og 10% smágerðu fiðri.
Mjúkt áklæði úr 100% bómull. Stærð: 135 x 200 sm. Þyngd: 750 gr.
Vnr. 4000850
Öll barnasængurver
25%
afsláttur
Gildir til 24.12
50%
afsláttur af völdum sængurverum
Gildir til 24.12
NÚ VERÐ FRÁ:
995
Allir rammar
25%
afsláttur
Gildir til 24.12
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rfl.is
Öll málverk
25%
afsláttur
Gildir til 24.12

# Situr í gæsluvarðhaldi fram að dómsuppkvaðningu

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra úrskurðaði á föstudag karlmann í gæsluvarðhald þar til endanlegur dómur gengur í máli hans. Þó ekki lengur en til 5. janúar á næsta ári.

Maðurinn var ákærður af héraðssaksóknara fyrr á árinu grunaður um að hafa þann 5. febrúar síðastliðinn gerst sekur um meiriháttar líkamsárás, hótanir, kynferðisbrot, frelsissviptingu og stórfelldar ærumeiðingar í garð sambýliskonu sinnar. Maðurinn var sakfelldur í héraði og dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir heimilisofbeldið. Í fyrradag ómerkti Hæstiréttur dóm héraðsdóms, að kröfu ákæruvaldsins, og lagði fyrir héraðsdóm að taka málið til meðferðar á ný.

> **Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan í febrúar síðastliðinn**

Ákæruvaldið krafðist ómerkingar vegna þess að maðurinn var sýknaður að hluta af nauðgunarbrotinu. Eftir að maðurinn hafði beitt konuna ofbeldinu á heimili þeirra, sem hann var ákærður fyrir, hafði hann við hana munnmök og í framhaldi á því endaþarmsmök. Niðurstaða héraðsdóms var að sakfella manninn fyrir munnmökin en að sýkna af endaþarmsmökunum.

Hæstiréttur taldi niðurstöðu héraðsdóms vera þversögn og vísaði málinu því aftur heim í hérað.

Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan 7. febrúar síðastliðinn. – þh



Hæstiréttur talda niðurstöðu héraðsdóms vera þversögn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Meirihlutinn héldi velli í Reykjavík

**Könnun Fréttablaðsins á fylgi flokkanna í borginni gefur til kynna að staða meirihlutans sé sterk. Meirihlutinn fengi fjórtán borgarfulltrúa gegn níu minnihlutans. Framsóknarflokkurinn rétt nær inn manni í borgarstjórn sem fjölgar um átta á næsta kjörtímabili.**

**REYKJAVÍK** Framsóknarflokkur og Samfylking tapa bæði miklu fylgi í Reykjavík miðað við skoðanakönnun fréttastofu 365 á fylgi flokkanna til borgarstjórnar Reykjavíkur. Sjálfstæðisflokkurinn er sem fyrr stærsti flokkurinn í borginni. Samfylkingin tapar nærri helmingi fylgis síns miðað við síðustu sveitarstjórnarkosningar og mælist með rúmlega 17 prósenta fylgi. Núverandi borgarstjórnarmeirihluti heldur hins vegar velli yrði niðurstaða könnunarinnar úrslit næstu kosninga.

„Ég er ánægður að við séum að bæta við okkur fylgi,“ segir Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, sem mælist með um 32 prósenta fylgi en flokkurinn fékk 25,7 prósent í síðustu sveitarstjórnarkosningum. „En við verðum að gera betur og skila því til borgarbúa hvernig við viljum gera hlutina öðruvísi. Það er áherslumunur á okkur og þeim sem nú eru í meirihluta.“

Samfylkingin fékk 31,9 prósenta fylgi í síðustu kosningum en mælist nú með rúmlega helminginn af kjörfylgi sínu eða 17,1 prósent. Dagur B. Eggertsson samgleðst félögum sínum í meirihlutanum en vill gera betur sjálfur. „Þetta er sterk skoðanakönnun fyrir meirihlutann. Mig grunar að staðan í landsmálum spili eitthvað þarna inn í. Þetta er áhugaverð mæling á þessum tímapunkti,“ segir Dagur.

Píratar, Björt Framtíð og Vinstri græn eru síðan á svipuðum slóðum og ekki marktækur munur á fylgi þeirra. Líf Magneudóttir, oddviti Vinstri grænna, segir könnunina ánægjulega. „Að vísu er aðeins um könnun að ræða og langt í næstu kosningar en ég held að fólk kunni að meta áherslur VG bæði í borginni og á landsvísu. Það er einnig ánægjulegt að sjá að meirihlutinn heldur velli.“



**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri**



**Líf Magneudóttir, oddviti VG**



**Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna**

Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, segir könnunina gefa vísbendingar um að fylgið í alþingiskosningum smiti niðurstöður í borginni. „Þetta er í átt við þær meginlínur sem við sáum í þingkosningum í október. Sjálfstæðisflokkur bætir við sig og Samfylkingin tapar miklu fylgi,“ segir Grétar Þór. „Samfylkingin var með um fimm prósent í Reykjavíkurkjördæmunum í alþingiskosningum en mælist mun sterkari á sveitarstjórnarstiginu. Það gæti bent til ákveðins styrkleika Dags borgarstjóra.“

Borgarfulltrúum mun fjölga um 8 á næsta kjörtímabili, úr 15 í 23. Verði niðurstaða könnunarinnar úrslit kosninganna myndi Sjálfstæðisflokkurinn fá átta borgarfulltrúa, Samfylking og VG fjóra hvor flokkur, Píratar og Björt framtíð fengju hvor tveggja þrjá borgarfulltrúa og Framsóknarflokkurinn rétt nær inn manni í borgarstjórn.

Könnun fréttastofu 365 var gerð dagana 12.-14. desember og hringt í 1.016 einstaklinga. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga í Reykjavík í dag? Svör fengust frá 617 einstaklingum. 59,4 prósent afspurða tóku afstöðu til spurningarinnar.

sveinn@frettabladid.is



23 Borgarfulltrúar munu sitja í borgarstjórn á næsta kjörtímabili í stað 15 líkt og nú er. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Fylgi flokkanna í Reykjavík




Framleitt fyrir iPod iPhone iPad
Beltone Legend gengur með iPhone 6s og eldri gerðum, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.




Beltone **Legend**™



Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend**™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

HEYRNARSTÖÐIN
Kringlunni · Sími 568 7777 · heyra.is






Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. Sími 519 6000 — geysir.com.

## Ríkið greiðir Guðjóni bætur

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var á föstudag dæmt til að greiða Guðjóni Þórðarsyni, fyrrverandi landsliðsþjálfara Íslands í knattspyrnu, tæplega 121 þúsund krónur í skaðabætur. Að auki þarf ríkið að borga 900 þúsund krónur í málskostnað.

Forsaga málsins er nokkur. Sumarið 2013 stefndi Guðjón knattspyrnudeild Grindavíkur til greiðslu vangoldinna launa og var fallist á kröfur hans að hluta. Í millitíðinni var rekið dómsmál milli Guðjóns og fyrrverandi eiginkonu hans í tengslum við skilnað þeirra. Þar var Guðjón dæmdur til greiðslu ákveðinnar upphæðar en niðurstöðunni var áfrýjað til Hæstaréttar.

Fyrrverandi eiginkona fór fram á að sú upphæð yrði löggeymd og var fallist á það. Í Hæstarétti var niðurstaða héraðsdóms ómerkt og málinu vísað heim í hérað. Nær samstundis var farið fram á kyrrsetningu umræddra eigna Guðjóns. Sú kyrrsetning féll síðar úr gildi en það dróst í þrjá mánuði hjá sýslumanni að endurgreiða Guðjóni fjárhæðina.

Héraðsdómari féllst ekki á að kyrrsetningin hefði verið ólögmæt en taldi að þriggja mánaða dráttur á endurgreiðslunni til Guðjóns hefði falið í sér saknæma og ólögmæta háttsemi sýslumannsembættisins sem ríkið bæri ábyrgð á. – **jóe**



**Guðjón Þorðarson**

## Búferlaflutningar í Súdan



Hirðingjar frá Misseryia-svæðinu í Súdan hófu að flytjast búferlum til Suður-Súdans í gær. Á hverju ári færa hirðingjar í Súdan sig suður á bóginn þegar þurrkatímabilið hefst. Algengt er meðal hirðingjanna að ferðast um á baki asna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Lyfjaútgjöld 600 milljónir fram úr áætlun

**Samkvæmt minnisblaði Sjúkratrygginga Íslands um lyfjakaup er líklegt að framúrkeyrsla umfram fjárheimildir vegna lyfjakaupa á þessu ári nemi um 600 milljónum króna. Meira notað af lyfjum en áður. Framkvæmdastjóri Frumtaka neitar því að lyfjaverð sé of hátt.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Útgjöld hins opinbera til lyfjakaupa stefna í að fara um 600 milljónir króna fram úr fjárheimildum í ár þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi ákveðið að setja um tvo milljarða í málaflokkinn í febrúar á þessu ári. Þetta sýnir minnisblað Sjúkratrygginga sem sent var velferðarráðuneytinu í ágúst síðastliðnum.

Sé horft til fyrstu sex mánaða ársins er framúrkeyrslan frá fjárheimildum 11 prósent en endar í um níu prósentum í árslok. Segir í minnisblaðinu að skýringar sé að finna í innleiðingu nýrra lyfja.

Fréttablaðið greindi frá því um miðjan september að fé til innleiðingar nýrra lyfja væri uppurið. Eftir þann tíma hefur Lyfjagreiðslunefnd hins vegar samþykkt leyfisskyldu vegna tveggja lyfja sem eykur kostnað um 60 milljónir á ársgrundvelli. „Með leyfisskyldum lyfjum er átt við þau lyf sem eingöngu eru notuð í samræmi við klínískar leiðbeiningar og eru jafnan kostnaðarsöm og vandmeðfarin,“ segir Guðrún Gylfadóttir, formaður lyfjagreiðslunefndar.



**Jakob Falur Garðarsson, formaður Frumtaka – samtaka framleiðenda frumlyfja**

Að auki hefur nefndin samþykkt einstaklingsundna greiðsluþátttöku vegna níu lyfja og er áætlaður kostnaður þar einnig um 60 milljónir króna á ársgrundvelli.

Af þessu að dæma er ljóst að lyfjakaup munu fara fram úr fjárlögum. Jakob Falur Garðarsson, framkvæmdastjóri Frumtaka, félags frumlyfjaframleiðenda, segir lyfjaverð hins vegar ekki of hátt. „Það er fjarri sanni að lyfjaverð á Íslandi sé hátt. Ég nefni því til staðfestingar að verð sjúkrahúslyfja er samkvæmt reglugerð það lægsta á Norðurlöndunum. Því til viðbótar, þá er verðið fasttengt gengi krónunnar, þannig að um hver mánaðamót kemur ný lyfjaverðskrá sem tekur mið af gengisbreytingum. Gríðarleg styrking krónunnar undanfarin misseri skilar sér því strax í verðið og hefur beinar afleiðingar til lækkunar lyfjaverðs og hefur verðið nú lækkað um tugi prósenta á tiltölulega stuttum tíma,“ segir Jakob Falur.

**sveinn@frettabladid.is**



**Keyrsla fram úr fjárheimildum nemur um níu prósentum. Styrking krónunnar undanfarna mánuði mun þó að öllum líkindum leiða til verðlækkana.**




# FERSKUR KALKÚNN









## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarinn áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

## Maltgrís hamborgarhryggur

Sérvalinn og séralinn fyrir Hagkaup af svínabóndanum á Vallá Kjalarnesi. Grísinn er fóðraður á soðnu maltbyggi, humlum og öðru úrvals góðgæti frá bruggmeisturum Ölgerðarinnar. Grísinn er í góðu yfirlæti við kjöraðstæður sem gerir kjötið einstaklega meyrt og bragðgott.

## EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL










24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Erum berskjölduð fyrir hökkurum

**Yahoo!-tölvuárásin er sú síðasta sem tilkynnt er um í röð hakkárása á ýmsa netþjónustu á síðustu árum. Tölvuhakk snertir Íslendinga jafnt og aðra þar sem internetið er landamæralaust. Mikilvægt er að skipta um lykilorð reglulega og skrá sig ekki á vafasamar síður.**



Mikilvægt er að nota góð og fjölbreytt lykilorð til að verja sig gegn hökkurum á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**NEYTENDUR** „Það er erfitt að segja til um hvort er aukning í þessu. Maður er að minnsta kosti að heyra meira af þessu. Það er mjög líklegt að það sé aukning. Á heimsvísu erum við að sjá mjög stóra gagnaleka hvað eftir annað,“ segir Kristján Valur Jónsson, sérfræðingur hjá CERT-ÍS.

Á miðvikudaginn tilkynntu forsvarsmenn tæknifyrirtækisins Yahoo! að fyrirtækið hefði orðið fyrir mestu netárás heimsins sem sneri að viðskiptavina. Talið er að um einn milljarður notendareikninga hjá fyrirtækinu hafi verið hakkaður árið 2013. Er þetta í annað skipti á tveimur árum sem Yahoo! verður fyrir tölvuárás af þessu tagi en árið 2014 voru 500 milljónir reikninga hjá fyrirtækinu hakkaðar.

Árásin er litin alvarlegum augum þar sem svo virðist að þeir sem hökkuðu sig inn á reikninga árið 2013 hafi komist yfir mun viðkvæmari notendaupplýsingar en í árásinni 2014, meðal annars dulkóðaðar öryggisspurningar fólks. Árásin hefur víðtæk áhrif. Fyrirtækið Verizon tilkynnti um yfirtökutilboð á Yahoo! í sumar sem nú er í uppnámi. Tilboðið nemur 4,8 milljörðum dollara en líklegt er að sest verði aftur að samningaborði vegna verðsins í ljósi þessara brota og jafnvel muni Verizon draga tilboðið til baka.

Fréttir af gagnabrotum sem þessu eru að verða sífellt algengari. Mál sem á síðustu árum hafa snert Íslendinga eru hakk á 68,7 milljónum reikninga Dropbox og á Ashley Madison og Adult Friend Finder. „Ég myndi segja að það væru verulegar líkur á að Íslendingar væru á meðal þeirra sem urðu fyrir Yahoo!-árásinni,“ segir Kristján.

Kristján segir helstu áhrifin af Yahoo!-árásinni og svipuðum árásum vera að ef maður hefur ekki skipt um lykilorð frá 2013 og þau eru auðlesanleg sé möguleiki á að einhver geti þá notfært sér þau. „Ef lykilorðið er þarna í auðlesanlegu formi þá eru bein áhrif á notendur þau að hægt er að skrá sig inn sem ákveðinn notandi og nota reikning viðkomandi í vafasömum tilgangi. Ef það er póstþjónusta er mjög vinsælt að nota hana til að senda ruslpóst, það er hægt að nýta þetta á marga mismunandi vegu sem eru neikvæðir fyrir notendur. Líka til fjárkúgunar.“

Enn liggur ekki fyrir hve miklu af gögnum var stolið af internetinu árið 2016. Árið 2014 var metár þegar 1,02 milljarðar gagna voru misnotaðir en gögnin voru um 700 milljónir í fyrra. Í fyrra var færri gögnum stolið en hins vegar var um fleiri árásir að ræða eða 1.673 samkvæmt Business Insider. Hakkarar eru orðnir mjög háþróaðir og skipulagðir í öllu verklagi. Bandarísk rannsókn sýndi fram á það fyrr á árinu að á margan hátt væri hakkaraiðnaðurinn arðbærari en fíkniefnaiðnaðurinn.



**Kristján Valur Jónsson, sérfræðingur hjá CERT-ÍS**

„Þetta er allt angi af því sama, menn hakka auðvitað yfirleitt til þess að nýta sér upplýsingarnar í fjárhagslegum tilgangi með því að selja lykilorð eða notendaupplýsingar. Í tilfelli Adult Friend Finder er möguleiki að menn hafi verið að reyna að kúga fé af aðilum. Þetta snýst allt um peninga með einhverjum hætti,“ segir Kristján.

Hann bendir þó á að stundum snúist þetta einfaldlega um að sýna að þetta sé hægt. „Menn búa sér þannig til trúverðugleika í þessum neðanjarðarheimi. Maður veit ekki hver tilgangurinn er á bak við þetta, það er misjafnt.“

Lekarnir sem hafa ratað í fjölmiðla undanfarin misseri hafa oft verið nokkurra ára gamlir. Kristján segir ástæðu þess fyrst og fremst vera þá að fyrirtæki sem eru hökkuð hafi almennt ekki áhuga á að rata í fréttirnar. „Þetta ratar í fréttirnar þegar vitneskja um þetta kemur upp á yfirborðið. Gögnin úr stóru lekunum hafa oft verið mjög lengi í umferð og menn hafa nýtt sér þessar upplýsingar við tölvuinnbrot til dæmis. Innan síns heims hafa hakkarar vitað af þessum söfnum. Þegar þetta kemur upp á yfirborðið í fréttunum þá neyðast fyrirtæki til að segja frá því. Við sjáum það með Yahoo! og Dropbox.“

Velta má því fyrir sér hvort gagnalekum hafi fjölgað vegna þess að netnotendur séu ekki eins varkárir og áður þó að auðvitað komi margt annað við sögu. Kristján telur á margan hátt að við séum orðin afslappaðri í notkun okkar á netinu. „Netið er orðið hluti af okkar daglega lífi. Til dæmis eru eiginlega allir á Facebook. Það er eiginlega varla möguleiki að sleppa við að nota þjónustur á netinu, það er stór og erfið ákvörðun að kúpla sig út úr því.“

Kristján segir að lítið sé hægt að gera til að verja sig gegn hökkurum þegar kemur að þjónustu þótt alltaf megi auka öryggi sitt á netinu. „Í sjálfu sér er lítið sem almennur notandi getur gert til að verja sig gegn því að þjónustur séu hakkaðar. Það sem hann getur gert til að verja sína hagsmuni er að fara mjög varlega í að skrá sig inn á þjónustur sem maður þekkir miðlungi vel og velta því fyrir sér áður en maður smellir á OK í skráningu.“

Hann telur líka mikilvægt að vera með mismunandi lykilorð fyrir hverja þjónustu. „Ef Yahoo! er hakkað og lykilorð er auðleysanlegt þá er ekki hægt að nota það fyrir aðrar þjónustur. Það er í mannlegu eðli að nota sama eða mjög svipað lykilorð inn á allar sínar þjónustur. Maður takmarkar skaðann mikið með því að nota góð lykilorð og einstök lykilorð fyrir hverja þjónustu,“ segir Kristján Valur Jónsson.

**saeunn@frettabladid.is**

## Hvernig er best að verja sig á netinu?

- Skipta reglulega um lykilorð.
- Ekki nota sama lykilorð fyrir margar þjónustur.
- Nota góð lykilorð (til dæmis skrifa skrítna setningu og nota upphafsstafi hvers orðs).
- Fara varlega í að skrá sig á þjónustur sem maður þekkir miðlungi vel.
- Gott er að hafa tveggja þrepa staðfestingu (two way authentication) þar sem það er möguleiki, það þýðir að fá t.d. sent lykilnúmer með SMS í farsíma þegar farið er inn á reikninga.
- Nota forrit sem búa til og halda utan um fjölda lykilorða.

## Stærstu gagnalekarnir




**Yahoo!**
1 milljarður reikninga

**Adult Friend Finder**
340 milljónir reikninga

**Dropbox**
67,8 milljónir reikninga

**Flickr**
65 milljónir reikninga

**Ashley Madison**
32 milljónir reikninga



HÚSASMIÐJAN
blómaval



# JÓLAÚTSALA

## HEFST Í DAG

# 40% AFSLÁTTUR

## ALLAR SERÍUR OG JÓLAVÖRUR*

**OPIÐ TIL KL. 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA Í SKÚTUVOGI**

*Afsláttur gildir ekki af lifandi jólatrjám, jólatrésfótum, lifandi greni og jólaskreytingum













## Fjölmenn friðarhátíð hindúa



Hópur hindúa í Bhopal á Indlandi sést hér taka þátt í trúarathöfn sem kölluð er Kalash Yatra. Athöfnin er liður í sjö daga friðarhátíð sem kallast Bhagwat Katha. Þúsundir manna frá bæjum og þorpum í nágrenni Bhopal mættu til hátíðarhaldanna til að leggja sitt af mörkum til að stuðla að heimsfriði. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Leynd ríkir um kostnað sem þingmenn rukka

**Ekki er hægt að fá uppgefið hvað alþingismenn láta þingið greiða fyrir sig vegna vinnu sinnar. Upphæðir framlagðra reikninga þingmanna hærri á kosningaári.**

**ALÞINGI** Árið 2015 lögðu þingmenn fram reikninga vegna starfskostnaðar upp á 7,3 milljónir króna. Fyrstu tíu mánuði þessa árs, kosningaárs, hljóðuðu reikningarnir upp á 8,7 milljónir. Ekki fæst uppgefið frá þinginu í hvað þessir fjármunir fara.

Samkvæmt reglum sem forsætisnefnd þingsins setur sjálf geta þingmenn lagt fram reikninga fyrir vinnu sína. Hver þingmaður fær greiddar um 90 þúsund krónur í starfskostnað sem greiddur er skattur af. Leggi þingmenn fram reikninga fyrir kostnaði minnkar skattstofn starfskostnaðar sem því nemur. Ekki er hægt að sjá hvernig þingmenn nýttu sér þennan möguleika og hver ástæðan er fyrir því að reikningarnir hækka um eina og hálfa milljón á kosningaári.

„Við þurfum að auka tiltrú á Alþingi og því er um að gera að gera þessa reikninga opinbera,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata. „Sumir þingmenn nýta sér ekki að leggja fram reikninga og eru mjög latir í því á meðan aðrir nýta sér þetta form nokkuð vel. En til að auka gegnsæið er enginn vandi að gera þessar upplýsingar opinberar.“

Fréttablaðið hefur einnig óskað eftir gögnum um akstur þingmanna en þingmenn fá greidda akstursspeninga. Þessar greiðslur hafa ekki fengist sundurliðaðar á þingmenn en heildargreiðslur í fyrra vegna aksturs voru um 38,5 milljónir króna.



Allir reikningar breskra þingmanna sem hið opinbera greiðir eru opinberir almenningi. Því er öfugt farið hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Birgitta Jónsdóttir**
**alþingismaður**

Forsætisnefnd þingsins mun á næstu vikum fara yfir það hvort breytinga sé þörf á þessu kerfi eftir að þingfararkaup var hækkað um 44 prósent á sunnudeginum eftir kosningar.

Birgitta vonast eftir að laun þingmanna verði straumlínulöguð á næstu vikum. „Við vitum að það er dýrara fyrir þingmenn landsbyggðarkjördæma að vera þingmenn og því er eðlilegt að kostnaður við þeirra störf sé meiri. En við þurfum að opna bókhaldið okkar enn frekar.“

sveinn@frettabladid.is


ÆFINGIN SKAPAR...
NIKE Pro Tank
LÆKKAÐ VERÐ
3.990 KR.
NIKE Pro bolur
LÆKKAÐ VERÐ
4.490 KR.
NIKE PRO
NIKE Pro Short
LÆKKAÐ VERÐ
FRÁ 4.490 KR.
ENDURANCE
midlayer
8.990 KR.
ENDURANCE
bolur
4.990 KR.
NIKE Tight fit
LÆKKAÐ VERÐ
7.990 KR.
NIKE Skinny fit
LÆKKAÐ VERÐ
7.990 KR.
Yoga handklæði
4.490 KR.
BRÚSAR Í RÆKTINA
CAMELBAK - BPA fríir
FRÁ 3.990 KR.
ENDURANCE
7.990 KR.
CALL
WALK
ÆFINGAÚR
POLAR LOOP 2
TILBOÐSVERÐ
(ÁÐUR 19.990 KR.)
13.990 KR.
ÍÞRÓTTATÖSKUR
í miklu úrvali
FRÁ 5.990 KR.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is
Fatnaður á mynd: NIKE
ARNASYNIR

# Ríkisútvarpið heyrist ekki á Héraði

**SAMFÉLAG** Útvarpssendingar RÚV á Fljótsdalshéraði eru svo slæmar að íbúar þar hafa kvartað og bent bæjarráði á að stöðin sé í sífellu að detta út. Málið var tekið fyrir á bæjarráðsfundi í vikunni þar sem fram komu fyrirspurnir, kvartanir og ábendingar frá íbúum um endurteknar truflanir á FM-útsendingum RÚV í sveitarfélaginu.

Gunnar Jónsson, formaður bæjarráðs, segir að útsending RÚV detti út í tíma og ótíma. „Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni að segja að RÚV náist ekki hérna en það hafa verið miklar truflanir á tímabili. Við höfum óskað eftir skýringum frá RÚV sem við viljum gjarnan fá svör við því þetta er auðvitað ekki ásættanlegt.“

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum að óska eftir upplýsingum frá RÚV um hvernig staðið verður að úrbótum á sambandinu. „Auðvitað viljum við að þetta sé í lagi. Mér persónulega er alveg sama um skýringuna en ég vil að þetta sé í lagi. Þótt truflanir séu á útsendingu Bylgjunnar þá eru aðrar kröfur gerðar til RÚV. Það er útvarp allra landsmanna og við hljótum, sem íbúar þessa lands, að gera kröfur um að það heyrist.“ Hann bendir á að hann hafi ekki heyrt af sama vandamáli með Bylgjuna. „Ég hef ekki heyrt það en Bylgjan er öðruvísi uppbyggð og við eigum ekki sömu heimtingu þar á bæ.“ – bb




**Ríkisútvarpið heyrist illa á Austurlandi og hefur bæjarráð Fljótsdalshéraðs farið fram á skýringar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**Talið er að hryðjuverksamtökin Jabhat al-Sham hafi ráðist á rúturnar og brennt þær í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Rútur brenndar af vígamönnum

**Talið er að hryðjuverkasamtök hafi brennt rútur sem flytja áttu saklausa borgara í Sýrlandi. Stjórnarher Assads og uppreisnarmenn sömdu um vopnahlé svo að hægt væri að koma borgurum til bjargar.**

**SÝRLAND** Uppreisnarmenn í Sýrlandi brenndu í gær sex rútur sem voru á leið til þorpanna Foah og Kefraya til þess að flytja á brott veika og slasaða borgara. Talið er að hryðjuverkasamtökin Jabhat al-Sham, sem áður gengu undir nafninu Al-Nusra Front, beri ábyrgð á árásinni. Hryðjuverkasamtökin berjast með uppreisnarmönnum gegn stjórnarher Sýrlands og er þeirra helsta markmið að koma á íslömsku ríki í Sýrlandi.

Uppreisnarmenn og stjórnarher Bashars al Assad, forseta Sýrlands, gerðu hlé á átökum sínum á fimmtudag svo að unnt væri að flytja á brott saklausa borgara frá vígstöðvum í Aleppo.

Samkvæmt sádiarabísku sjónvarpsstöðinni Al Ekhbariya átti fyrst um sinn að flytja 1.200 manns frá Aleppo og svipaðan fjölda frá þorpunum Foah og Kefraya.

Þorpin tvö sem eru undir stjórn stjórnarhersins eru umkringd yfirráðasvæðum uppreisnarmanna. Þar ríkir mikil hungursneyð og erfitt hefur verið að koma íbúum þorpanna til aðstoðar. Samkvæmt heimildum fréttastofu BBC hafa margir gripið til þess neyðarúrræðis að borða gras til þess að lifa af.

Árum saman hafa uppreisnarmenn haft austurhluta borgarinnar Aleppo á sínu valdi en undanfarnar vikur hefur stjórnarherinn gert harða hríð að þeim í þessum hverfum með sprengjuárásum. Uppreisnarmennirnir hafa misst yfirráðin og eru að hverfa á braut.

Vopnahléssamningur uppreisnarmanna og stjórnarhersins kvað á um að hermenn uppreisnarmanna og fjölskyldur þeirra í austurhluta Aleppo fengju að yfirgefa borginni í friði gegn því að flytja mætti á brott veika og slasaða borgara Foah og Kefraya.

Rússar og Tyrkir höfðu milligöngu í samningaviðræðunum um vopnahléið. Rússar styðja stjórn Assads forseta en Tyrkir hafa stutt uppreisnarmennina, rétt eins og Bandaríkin og önnur vestræn ríki.

Í dag mun Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kjósa um hvort fulltrúar Sameinuðu þjóðanna geti fylgst með brottflutningunum frá Aleppo og öryggi þeirra sem dvelja í borginni. Samkvæmt tillögunni er lögð áhersla á að brottflutningur borgaranna sé að þeirra eigin frumkvæði og að þeir fái að velja lokaáfangastað sinn. Í tillögunni segir enn fremur að vernda beri jafnt þá borgara sem ákveða að yfirgefa Aleppo og þá sem ákveða að dvelja í borginni.

Óttast er að Rússar beiti neitunarvaldi sínu í Öryggisráðinu og komi í veg fyrir framkvæmd tillögunnar. Þeir hafa hingað til beitt neitunarvaldi sínu í sex tillögum sem varða Sýrland á síðustu fimm árum.

**thorgeirh@frettabladid.is**









# 50% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRU

# 20% AFSLÁTTUR AF GJAFAVÖRU

**GILDIR 19.–24. DESEMBER**

20% AFSLÁTTUR

WHAT HAPPENS IN THE MAN CAVE STAYS IN THE MAN CAVE

Coffee keeps me going until it's time to drink some wine.

**3 FYRIR 2 AF PÚÐUM**
**VERÐ FRÁ 1.990.-**

**MIGUES KISTA**
**ÁÐUR 22.900,- NÚ 18.320,-**
**Stærð: 72x46xH54 cm.**

I have OCD: Obsessive Chocolate Disorder

the PIER

**OPNUNARTÍMI 19.– 24. DESEMBER**

19. DES. Opið 11-22 í öllum verslunum
20. DES. Opið 11-22 í öllum verslunum
21. DES. Opið 10-22 í öllum verslunum
22. DES. Opið 11-22 í öllum verslunum
23. DES. Opið 12-23 á Smára- og Glerártorgi
11-22 á Korputorgi

24. DES. Opið 9–13 á Smáratorgi
Opið 9–12 á Korputorgi
Opið 10–12 á Glerártorgi

**Glæsilegt úrval á pier.is**

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# SKOÐUN

# Frammi á gangi



**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

Fyrir aðeins örfáum vikum virtist ekki íslensk sála efast um að eitt brýnasta verk stjórnvalda væri að endurreisa heilbrigðiskerfið. Endurreisa er einmitt orðið sem hvað flestir notuðu, vegna þess að kerfið var einu sinni mun betra. En lengi hefur heilbrigðiskerfið fundið fyrir niðurskurðarhníf misaðþrengdra stjórnvalda. Afleiðingin er að aðbúnaður sjúklinga er ekki viðunandi og starfsfólk hefur á stundum verið að niðurlotum komið af völdum álags. Tómas Guðbjartsson, hjartalæknir á Landspítalanum, sýndi okkur um helgina ástandið með því að birta myndir á Facebook-síðu sinni af ganga- og kaffistofuinnlögnum á Landspítalanum. Fólk á ekki að þurfa að takast á við veikindi sín við þessar aðstæður.

Fyrr á árinu fékk þorri þjóðarinnar nóg af þessu ástandi og kallaði eftir endurreisn. Kallaði eftir því að þeir sem glíma við erfið veikindi njóti sómasamlegrar þjónustu og að þeir sem hana veita geri það við frambærilegar aðstæður. Þetta endurspeglaðist í áherslum flokkanna fyrir kosningar þar sem ekki stóð á yfirlýsingum um hversu brýnt væri að endurreisa heilbrigðiskerfið og að það væri forgangsmál hvers flokksins á fætur öðrum.

Það er því engin furða að Páli Matthíassyni og öðrum forsvarsmönnum Landspítalans hafi verið brugðið við það að berja fjármálafrumvarpið augum. Að sögn Páls vinnur framkvæmdastjórn Landspítalans nú að því að aðlaga rekstur spítalans frumvarpinu en af því leiðir aðhaldskröfu upp á 5,3 milljarða króna. Þeir tæplega fjögurra milljarða viðbótarfjármunir sem frumvarpið gerir ráð fyrir fara að mestu í launa- og verðlagsbætur en það hlýtur stjórnvöldum að hafa verið ljóst þar sem þau voru aðili að viðkomandi samningum. Afleiðingin fyrir spítalann stefnir í að verða uppsagnir og skert starfsemi. Afleiðingin fyrir sjúklingana er því enn takmarkaðri þjónusta.

Fyrir skömmu ákvað kjararáð að hækka laun þingmanna um 45% og að auki er fyrirhugað að bæta aðstöðu þeirra umtalsvert með nýrri skrifstofubyggingu. Sitt sýnist hverjum en það eitt er víst að það hefur ekki hvarflað að nokkrum manni að tengja þetta við rekstrarumhverfi Alþingis með því að fækka starfsmönnum stofnunarinnar. Með sama hætti eru bætt kjör ákveðinna hópa á meðal starfsfólks Landspítalans ekki sú endurreisn heilbrigðiskerfisins sem þjóðin hefur kallað eftir. Endurreisn heilbrigðiskerfisins snýst nefnilega fyrst og fremst um notendur þess. Það fólk sem sumt hvert glímir við erfið og alvarleg veikindi en þarf engu að síður að liggja á göngum spítalans eða þola óásættanlega bið eftir aðgerðum.

Í ljósi yfirlýsinga um endurreisn íslenska heilbrigðiskerfisins fyrir kosningar og stöðunnar við ríkisstjórnarmyndun gefst hverjum og einum á þingi því einstakt tækifæri til þess að axla ábyrgð á loforðunum. Tækifæri til þess að hefja endurreisnina strax við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins og hafa notendur kerfisins í forgangi. Hjá svo ríkri þjóð sem þetta land byggir ætti enginn að þurfa að liggja veikur frammi á gangi.

**Sitt sýnist hverjum en það eitt er víst að það hefur ekki hvarflað að nokkrum manni að tengja þetta við rekstrarumhverfi Alþingis með því að fækka starfmönnum stofnunarinnar.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Hvað gerir Samfylkingin?**
**Líkt og alkunna er hlaut Samfylkingin slæma útreið í nýliðnum þingkosningum. Ný könnun Fréttablaðsins sýnir að Samfylkingin í borginni hefur einnig tapað miklu fylgi, um helmingi frá kosningunum 2014. Þrátt fyrir það mælist flokkurinn nákvæmlega þrefalt stærri í borginni heldur en í þingkosningunum í haust. Það verður forvitnilegt að sjá til hvaða bragða meðlimir borgarstjórnarflokksins grípa, hvort skel Samfylkingarinnar verði fyrir valinu eða henni kastað fyrir borð til að reyna halda í horfinu.**

**Ný merking útgönguspáa**
**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, minnti á það um helgina að hann gengur oftar úr viðtölum en meðalstjórnmálamaðurinn. Með þessu áframhaldi mun þjóðin sitja límd fyrir framan skjáinn eða viðtækin í hvert sinn sem rætt er við þingmanninn. Umdeilanlegt er hvort það sé flokki Sigmundar eða honum sjálfum til góðs að viðhalda þessu háttalagi. Öruggt má telja að stuðull veðbanka, á útgöngu þingmannsins, stefnir hraðbyri á núll ef hann heldur þessu áfram.**

johannoli@frettabladid.is

# Ráðherra svíkur langveik börn



**Bára Sigurjónsdóttir**
forstöðumaður Leiðarljóss, sérfræðingur í barnahjúkrun M.Sc.

Ég hef verið forstöðumaður Leiðarljóss, stuðningsmiðstöðvar fyrir börn með sjaldgæfa, alvarlega, ólæknandi sjúkdóma, síðan haustið 2012. Miðstöðin var sett á laggirnar til aðstoða foreldra og börn í þessari erfiðu stöðu að eiga mikið veikt barn með sjaldgæfa sjúkdóma sem lítið er hægt að gera til að meðhöndla. Heima hjá þessum fjölskyldum eru oft rekin lítil hátæknisjúkrahús svo börnin geti búið heima og fólk getur varla ímyndað sér hvaða álag hvílir á fjölskyldum þessara veiku barna dag og nótt, allan ársins hring, enda fáir sem geta sinnt þeim nema sérþjálfað fólk, oftast nær foreldrarnir.

Árið 2012 brást hópur fólks við neyðarkalli móður eins slíks barns, sem hún hafði nýlega misst. Móðirin sagði að hún vildi aldrei sjá foreldra í sömu stöðu ganga í gegnum það sem hún þurfti að ganga í gegnum og bað hópinn um að standa fyrir söfnun til þess að setja mætti á fót sérstaka stuðningsmiðstöð fyrir veikustu börn landsins og fjölskyldur þeirra. Þjóðin tók undir með móðurinni og á einum degi söfnuðust tæpar 80 milljónir króna í Landssöfnun á RÚV, sem hinar snjöllu og góðu konur í samtökunum „Á allra vörum“ stóðu fyrir ásamt RÚV og fleiri aðilum.

Stjórnvöld lofuðu þá skriflega að þau myndu taka við rekstri miðstöðvarinnar þegar söfnunarféð þryti, en það er nú búið. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra lét gera áreiðanleikakönnun um rekstur Leiðarljóss á síðasta ári sem kom afar vel út og í kjölfarið lofaði hann því að ríkið myndi greiða rekstrarkostnaðinn sem er 27 milljónir á ári. Aftur lofaði ráðherra þessu á fundi sem undirrituð sat í ráðuneytinu í október sl.

Það var því sem köld vatnsgusa framan í okkur öll sem standa að Leiðarljósi þegar okkur var tilkynnt að hið opinbera ætlaði einungis að veita um 12 milljónir í þennan rekstur á næsta ári, sem þýðir að stuðningsmiðstöðin Leiðarljós, sem nú þjónar 75 fjölskyldum, mun líða undir lok. Þetta finnst mér margföld svik við gefin loforð. Dæmi hver fyrir sig. Ég skora á Alþingi að leiðrétta þetta.

**Stjórnvöld lofuðu þá skriflega að þau myndu taka við rekstri miðstöðvarinnar þegar söfnunarféð þryti, en það er nú búið**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Stjórnleysingjar

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Það er svo langt síðan við kusum að maður man varla hvenær það var – maður man varla hvað maður kaus. Og hafi verið einhver stemmning í kjölfar kosninganna hefur flokkunum fimm sem lengst af stóðu í viðræðum tekist að kæfa hana niður með mikilli eindrægni í því að ná ekki saman. Óhætt er að segja að mikill samhljómur sé með flokkunum fimm í því; þau eru öll mjög ósamvinnuþýð; maður hefur sjaldan séð ekki samið af ámóta kurteisi og nú.

Og vikurnar líða. Það er langt síðan var kosið og samt er eins og ekkert hafi gerst – enda hefur ekkert gerst. Enn er felld ríkisstjórn að leggja fram fjárlög af því tagi sem eindregið var hafnað af kjósendum, og gott ef ekki öllum flokkunum líka, í þessum kosningum. Áfram er gert ráð fyrir fjársvelti spítalanna og ófremdarástandi, enda svo mikið góðæri í landinu að sögn að þjóðin hefur ekki efni á sómasamlegu heilbrigðiskerfi.

**Hvað er að frétta af Íslandi?**
Og í stað þess að við fylgjumst spennt og glöð með fyrstu skrefum nýrrar ríkisstjórnar undir stjórn þess stjórnmálaskörungs sem helst nýtur trúnaðar kjósenda til þeirra starfa um þessar mundir, Katrínar Jakobsdóttur, má þrautpínd þjóð nú sæta því að fylgjast með hinum afhrópaða Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, fjarvistum hans og hérvistum í aðskiljanlegum veisluhöldum vegna hundrað ára afmælis Framsóknarflokksins, þar sem hann stóð utangátta en fékk svo mikið sviðljós, að hann endaði innangátta en sjálf afmælishátíðin utangátta.

Fari svo að maður hitti útlending sem spyrji hvað sé nú efst á baugi í pólitíkinni á Íslandi núna neyðist maður til að svara: Sigmundur Davíð – allir eru að tala um hann. Fyrir utan hitt, að mikið er verið að sanna að eini seki maðurinn í fjársvikamálum Hrunsins sé hæstaréttardómarinn sem dæmir í málunum. Við erum svo hugfangin af Sigmundi að sennilega endar hann eins og Donald Trump, sem tókst svo oft að storka og ganga fram af almennu velsæmi, að almennu velsæmi var á endanum breytt.

Það er ekkert að frétta af Íslandi annað en Sigmundur Davíð. Manni skilst að of mikið hafi borið í milli Viðreisnar og VG, sem reyna nú af stórri kurteisi að koma sökinni yfir á hinn aðilann. Viðreisn vildi ekki auka nægilega framlög til heilbrigðismála, segja þau í VG, en VG-fólk var ekki reiðubúið til að gera þær kerfisbreytingar í íslensku samfélagi sem þarf að gera í réttlætis- og hagræðingarátt, að sögn Viðreisnarfólks.

Það er nú það. Skyldu annars fyrrverandi kjósendur Samfylkingar sem fylktu sér um BF hafa áttað sig á því að þeir væru þar með að kjósa Viðreisn? Er það ekki svolítið eins og ef Óttarr Proppé hefði hætt í HAM og farið í Brimkló? Með atbeina BF fær klofningsbrot úr Sjálfstæðisflokknum miklu meira vægi en ella, og neitunarvald sem hefur eflaust haft mikið að segja um það hversu treglega hefur gengið að berja saman stjórn.

Það er að ýmsu að hyggja. VG er ekki lengur litli róttæki flokkurinn sem hugsar umfram allt um að halda árunni hreinni og hafa réttara fyrir sér en annað fólk. Mikið fylgi leggur jafnframt þær skyldur á herðar flokksfólki að sjá til þess að áhrif á landstjórnina komi í kjölfarið. Og mörgum kjósendum fylgja alls konar viðhorf, jafnvel hvert öðru rangara. Nú er VG stóri jafnaðarmannaflokkurinn sem þarf að bjóða upp á margar vistarverur og gera málamiðlanir til að koma fram nauðsynjamálum sem varða almannahag. Þetta er ekki lengur bara Kúbuvinafélagið og Vesturbæjar-radíkalar í sínum heitapotti.

**Gjáin**
Kannski er það vandi VG, eins og annarra flokka, hversu gjáin milli höfuðborgarsvæðis og svonefndrar landsbyggðar stækkar hratt, með sífellt ólíkari þankagangi, hugsjónum og hreinlega hagsmunum. Þessi vandi er ekki bundinn við Ísland, en er kannski sérlega skarpur hér á landi vegna þess hversu eindregin frá því að vera mesta sveitasamfélag Evrópu (og það fátækasta) og yfir í að vera eitt borgvæddasta (og ríkasta) samfélag álfunnar. Sumir stjórnmálamenn nærast á þessum klofningi og reyna að magna hann sem mest, sér til hag – nefnum engin nöfn.

Gjánni fylgja vitaskuld flókin úrlausnarefni og maður er fullur skilnings á því. Hitt er kannski

> **Óhætt er að segja að mikill samhljómur sé með flokkunum fimm í því; þau eru öll mjög ósamvinnuþýð; maður hefur sjaldan séð ekki samið af ámóta kurteisi og nú.**

svolítið erfiðara að telja okkur trú um sem erum þarna úti – og bíðum æ vondaufari eftir því að mynduð verði umbótastjórn – að VG sé eini vinstri flokkurinn í landinu, eins og heyrst hefur úr þeim ranni, eini flokkurinn sem hefur áhuga á því að bæta kjör almennings, koma hér á velferðarkerfi, auka jöfnuð og réttlátari skiptingu gæða en nú er, fyrir utan sanngjarnt gjald til þjóðarinnar fyrir afnotin af þeirri auðlind sem óveiddur fiskurinn í sjónum er, og er svo sannarlega sameign þjóðarinnar.

# Ógnar pólitísk rétthugsun jólum?



Sigurður Árni Þórðarson
Hallgrímskirkjuprestur

Er það hlutverk sveitarstjórna, skólastjóra, kennara, stjórnmálamanna og fyrirtækja að breyta ferlum og mannfundum til að móðga ekki einhverja, sem eru ekki hrifnir af kristnum siðum og venjum? Á Bretlandseyjum hefur ekki lánast að byggja menningarbrýr sem hafa þjónað fjölbreytnisamfélaginu. Það var niðurstaða nefndar á vegum enskra stjórnvalda og var birt í The Sunday Telegraph og fleiri miðlum. Að skera kristin gildi, heiti, venjur og hefðir út úr opinberu menningarlífi, t.d. jólahaldi, hefur ekki orðið til að skapa opið samstöðu-samfélag sem hinir pólitískt rétttrúuðu væntu. Af ótta við að særa brugðust yfirvöld og vel meint kurteisin var kjánaleg í ýmsum tilvikum. Lög voru jafnvel ekki virt. Í sumum innflytjendagettóum var ekki tekið á ofbeldi, s.s. misnotkun barna og kynferðisglæpum gegn konum. Spennan vex í bresku samfélagi og Brexit er m.a. niðurstaðan af vaxandi pirringi.

Boðskapur skýrsluhöfunda á vegum Cameron og May er að nú sé komið að menningarlegum viðsnúningi. Jólatrén á ekki lengur að kalla „hátíðartré“ heldur Christmas tree. Skólayfirvöld, sveitarstjórnir, ráð samfélags og viðskiptalífs eiga að virða að samfélög hafa gildi, hefðir og venjur sem þarf að viðhalda og rækta. Verja þarf fólk gegn hvers konar ofbeldi.

Niðurstaða ensku skýrslunnar er að mestu mistökin hafi verið að halda ekki í grunngildi, grunnlög og grunnhefðir til að þau sem fluttu inn gætu aðlagast bresku samfélagi. Til að samfélag sé opið og vel virkt þarf að gæta inntaks menningar. Trú og hefðir eru veigamiklir þættir heilbrigðs siðar en einfeldningsleg pólitík er engum til gagns.

> **Skólayfirvöld, sveitarstjórnir, ráð samfélags og viðskiptalífs eiga að virða að samfélög hafa gildi, hefðir og venjur sem þarf að viðhalda og rækta.**

Við Íslendingar megum gjarnan læra af mistökum granna okkar. Miklu skiptir að halda vörð um gildi og siði sem þjóna fólki, gefa samhengi, tjá menningu, styrkja samfélag og auðga andlegt líf fólks. Kristnir menn eiga alltaf að styðja það sem eflir andlegt heilbrigði. Trú, gildi og gefandi hefðir lífga og efla. Ræktum hið góða á aðventu og Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól.






## Merkisatburðir

**1821** Eldgos í Eyjafjallajökli en það var í fyrsta skipti sem gaus úr eldstöðinni á sögulegum tíma.
**1907** 239 fórust þegar eldur kviknaði í Darr-kolanámunni í Pennsylvaníu. Fyrr í mánuðinum hafði 361 látist í námuslysi í Vestur-Virginíu.
**1946** Upphaf fyrsta Indó-Kínastríðsins.
**1967** Harold Holt, forsætisráðherra Ástralíu, úrskurðaður látinn eftir að hafa týnst á sundi tveimur dögum fyrr.
**1969** Inngang Íslands í EFTA samþykkt á Alþingi. Formleg innganga átti sér stað 1. mars 1970.
**1972** Síðasta mannaða Apollo-farið, Apollo 17, nær aftur til jarðar eftir stutt stopp á tunglinu.
**1983** Jules Rimet-bikarnum, upprunalega verðlaunagripnum fyrir sigur á HM í fótbolta, var stolið úr höfuðstöðvum brasilíska knattspyrnusambandsins í Rio de Janeiro. Styttan fannst aldrei.
**2012** Park Geun-hye kosin forseti Suður-Kóreu fyrst kvenna.



Að mati Árna var einn helsti kosturinn við að eiga afmæli 19. desember sá að þá var oftar en ekki meira úrval af vörum í verslunum en á öðrum árstímum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Nálægðin við jólin felur í sér bæði plúsa og mínusa

**65 ára afmæli Árna Stefáns Jónssonar, formanns SFR, verður að hluta undirlagt fundarhöldum. Deginum lýkur á jólahlaðborði þótt ekki verði fjölskyldan með að þessu sinni.**

Árni Stefán Jónsson, formaður SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu, fagnar í dag 65 ára afmæli sínu. Afmælisbarnið mun verja deginum í að sinna vinnutengdum fundarhöldum en þó gera sér örlítinn dagamun.

Árni Stefán fæddist á þessum degi árið 1951. Það vill svo til að 19. desember rennur undantekningalaust upp skömmu fyrir aðfangadag. Það hefur oft sett svip sinn á afmæli Árna og það haft kosti og galla í för með sér.

„Ég er fæddur og uppalinn til tólf ára aldurs á Raufarhöfn. Kosturinn við að eiga afmæli á þessum degi var að þá var dótið, eplið og appelsínurnar komið í verslanir. Það var því meira um hluti sem var alla jafna erfiðara að fá á öðrum árstímum. Ókosturinn var hins vegar nálægðin við jólin og hvað það gat verið mikið að gera í kringum hátíðina,“ segir Árni.

Aðspurður um eftirminnilegasta afmælisdaginn segir Árni að það hafi verið þegar hann hélt upp á hálfrar aldar afmæli sitt fyrir fimmtán árum.

„Það er síðasta afmælisveisla sem ég hélt og sá afmælisdagur sem er mér efst í huga. Þar komu saman mismunandi hópar, sem maður hefur kynnst í gegnum tíðina, sem allir tróðu upp. Úr því varð afar skemmtilegt kvöld þar sem ég var dreginn sundur og saman í háði og spotti,“ segir hann og hlær. „Meðal annars gáfu systur mínar mér mikinn og stóran hatt og í lok kvölds höfðu þær nánast klætt mig upp sem kúreka.

Þetta verða nú einhver rólegheit. Ég er ekki mikið afmælisbarn,“ segir Árni Stefán. Auk þess að vera formaður SFR hefur Árni verið formaður í Nordiska statstjänstemannaorganisationen (NSO) að undanförnu en NSO er norrænt stéttarfélagasamstarf.

„Norrænu gestirnir eru hér á landi og við fundum í dag og á morgun. Menn eru svo uppteknir að það reyndist ómögulegt að finna annan fundartíma en þennan og því fundum við á afmælinu,“ segir Árni. Deginum í dag lýkur með jólahlaðborði fyrir fundarmenn svo það verður eitthvað um veisluhöld. „Það verður örlítill dagamunur þó ekki sé það með fjölskyldunni að þessu sinni.“

johannoli@frettabladid.is

---




✝

Móðir okkar,

**Guðrún Valdimarsdóttir**

húsmóðir og verkakona,
Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
16. desember. Útför hennar verður
gerð frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði
fimmtudaginn 22. desember kl. 15.

**Svavar Gestsson** **Sveinn Kjartan Gestsson**
**Helga Margrét Gestsdóttir** **Málfríður Gestsdóttir**
**Valdimar Gestsson** **Guðný Dóra Gestsdóttir**
**Kristín Guðrún Gestsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Sigurjón Jónsson Bláfeld**

lést á heimili sínu 12. desember.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
fimmtudaginn 22. desember kl. 13.

**Karen Kristjánsdóttir** **Guðmundur Hafsteinsson**
**John Snorri Sigurjónsson** **Lína Móey Bjarnadóttir**
**Kristín Sigurjónsdóttir**
**Hildur, Kristján, Halla Karen, Ragnhildur Vala,**
**Kjartan Orri og Baltazar Elí**



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Tómasson**

frá Sauðárkróki,
Bólstaðarhlíð 31, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
mánudaginn 12. desember.
Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 22. desember kl. 13.00.

**Elinborg Jónsdóttir**
**Valgerður Katrín Jónsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir** **Ragnar Sigurðsson**
**Guðmundur Árni Jónsson** **Lára Nanna Eggertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
sonur, bróðir, mágur, barnabarn og
tengdasonur,

**Egill Örn Gunnarsson**

lést þriðjudaginn 6. desember.
Útförin fer fram þriðjudaginn 20.
desember kl. 13 frá Hallgrímskirkju.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hans er bent á styrktarreikning Ástu Sigríðar
Egilsdóttur nr. 0515-18-511502 / kt. 050515-2650.

**Erna Valdís Ívarsdóttir**
**Ásta Sigríður Egilsdóttir**
**Gunnar Örn Rúnarsson** **Ásta Samúelsdóttir**
**Anton Örn Gunnarsson** **Rósa Borg Guðmundsdóttir**
**Eva Lind Gunnarsdóttir**
**Rúnar Ólafsson** **Sigurlína Konráðsdóttir**
**Samúel Vilberg Jónsson** **Bjarney Georgsdóttir**
**Sigríður Sigurðardóttir** **Jón Hörðdal Jónasson**
**Ívar Örn Arnarson** **Guðný Ævarsdóttir**



✝

Okkar ástkæri sonur, bróðir,
faðir og unnusti,

**Bartosz Bielski**

lést laugardaginn 10. desember sl.
Útförin fer fram miðvikudaginn
21. desember frá Akraneskirkju kl. 13.00.

Z głębokim bólem i żalem zawiadamiamy
że w dniu 10.12. 2016 w wieku 25 lat zmarł nasz ukochany
syn, brat, ojciec, wnuczek i narzeczony Bartosz Bielski.
Pogrzeb odbędzie się w dniu 21.12. 2016 o godzinie 13
w kościele w Akranes. Pogrążona w żałobie rodzina.

**Elżbieta Bielska** **Jarosław Bielski**
**Maciej Bielski**
**Lena Maria Bielska**
**Marta Baurska**
**I przyjaciele**



✝

**Bryndís Sigurðardóttir**

til heimils að Klukkubergi 9,
Hafnarfirði,

fædd 16. júlí 1929,
lést 10. desember. Útförin verður gerð
frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn
21. desember kl. 15.00.

**Smári Eiríksson, Tinna Smáradóttir, Brynja Jónsdóttir,**
**Kolfinna Ósk Andradóttir og Birna Lísa Jensdóttir.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Þórir fagnar hér í úrslitaleiknum gegn Hollandi í gær. Enn eitt gullið kom um háls Þóris eftir leikinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Þórir er í guðatölu í Noregi

**Norska kvennalandsliðið tryggði sér í gær Evrópumeistaratitilinn í handknattleik. Liðið hefur verið ótrúlega sigursælt undir stjórn Selfyssingsins Þóris Hergeirssonar. Þetta voru sjöttu gullverðlaun liðsins undir stjórn Þóris og þriðja EM-gullið í röð hjá norska liðinu.**

**HANDBOLTI** „Þetta var svakalega flottur leikur og góð auglýsing fyrir kvennahandboltann,“ segir Axel Stefánsson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins, er Fréttablaðið heyrði í honum eftir úrslitaleikinn á EM í gær. Noregur vann þá Holland, 30-29, í úrslitaleik sem seint gleymist.

### Ótrúlegt klúður

Úrslitaleikurinn var nefnilega ótrúlega spennandi og lokasekúndurnar með ólíkindum. Noregur virtist vera búinn að tryggja sér sigur í leiknum er hollenska liðið átti frábæra endurkomu. Norska liðið virtist síðan vera að brotna á lokamínútunni og Holland gat jafnað í lokasókninni.

Hollendingar fengu aukakast fyrir utan teig Noregs er fjórar sekúndur voru eftir af leiknum. Þá kom eitt af klúðrum ársins. Leikmaðurinn sem kastaði boltanum úr aukakastinu gerði sér lítið fyrir og kastaði boltanum beint í hné liðsfélaga síns. Boltinn hrökk frá henni og leiktíminn rann út. Norska liðið fagnaði að vonum ógurlega en hollenska liðið trúði vart sínu eigin klúðri.

Nora Mörk var að öðrum ólöstuðum hetja leiksins en hún skoraði tólf mörk úr sautján skotum fyrir norska liðið í leiknum. Hollenska liðið átti engin svör við leik hennar.

Það er ekki bara að norska liðið hafi unnið mótið heldur vann það alla tíu leiki sína á mótinu. Liðið steig ekki feilspor og er svo sannarlega verðugur Evrópumeistari.

### Kom mörgum á óvart

„Þetta kom eflaust mörgum á óvart. Það voru Ólympíuleikar í sumar og breytingar á mörgum liðum og þar á meðal norska liðinu. Ungar stelpur komu inn og það var ekki alveg vitað hvar liðið stóð. Það kom því á óvart að liðið færi í gegnum mótið án þess að tapa leik. Norska liðið kemur venjulega þungt inn í mót, á það til að tapa í upphafi en vinna svo á er líður á mótin,“ segir Axel en hann þekkir vel til í herbúðum norska liðsins eftir að hafa séð um B-lið Norðmanna í fjögur ár. Þá vann hann náið með Þóri.



Norska liðið fagnar hér eftir klúður Hollendinga í lokin. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Frábær stjórnandi

„Þórir er orðinn reyndur og gerir marga flotta hluti. Það er búið að leggja grunninn að þessu í mörg ár. Hann er svo með frábært fólk í kringum sig. Þórir stýrir þessu svo öllu og hann er frábær stjórnandi, kallinn. Það er hans sterka hlið. Til að vera góður handboltaþjálfari þá þarf maður að vera góður stjórnandi og Þórir er alveg ótrúlega flottur stjórnandi,“ segir Axel um vin sinn frá Selfossi.

„Það var mjög gaman að vinna með honum hjá norska sambandinu. Það er mjög þægilegt að vinna undir hans stjórn. Hann er góður yfirmaður sem hlustar og tekur gagnrýni. Það má ræða málin við hann og allir fá að koma sínu að. Svo finnur hópurinn venjulega lausnir sem ganga alltaf upp að lokum. Þau gerðu ákveðnar breytingar á liðinu frá ÓL sem gengu fullkomlega upp á þessu móti núna. Þórir er óhræddur við að gera breytingar þegar það þarf að gera breytingar.“

Þórir er með samning við Norðmenn fram yfir ÓL 2020 og Axel segir að Þórir sé svo mikill prinsippmaður að hann svíki þann samning ekki. Þórir er búinn að vera viðloðandi norska landsliðið lengi. Hann gerðist aðstoðarþjálfari Marit Breivik sumarið 2001 og tók svo við af henni sem aðalþjálfari árið 2009. Árangur landsliðsins undir stjórn Þóris hefur auðvitað ekki verið neitt annað en stórkostlegur.

### Árangur Þóris sem aðalþjálfara:

**EM 2016:** Gull
**ÓL 2016:** Brons
**HM 2015:** Gull
**EM 2014:** Gull
**EM 2012:** Silfur
**ÓL 2012:** Gull
**HM 2011:** Gull
**EM 2010:** Gull
**HM 2009:** Brons

### Ekki eins og hjá Gumma Gumm

„Ég held að Þórir fái ekkert meiri gagnrýni í starfi í Noregi þar sem hann er Íslendingur. Hann er búinn að vera hérna úti svo lengi. Það er samt alltaf hörð gagnrýni þegar hlutirnir ganga ekki upp. Yfirleitt er nú gagnrýnin frekar vel fram sett. Þetta er ekki svona persónulegt eins og víða. Hann hefur ekki gengið í gegnum neitt svipað og Gummi gerði í Danmörku. Það er samt mikil pressa á honum í þessu starfi enda ætlast til þess að liðið vinni alltaf gull,“ segir Axel og bætir við að Þórir sé mikill vinnuhestur sem leggi afar hart að sér. Það kunni Norðmenn að meta.

„Þórir er í guðatölu hérna í Noregi. Ég tala nú ekki um þar sem ég bý í Elverum en þar þjálfaði Þórir á sínum tíma. Hann er algjörlega í guðatölu. Ekki spurning um það.“

henry@frettabladid.is

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit**

**Man. City - Arsenal 2-1**
0-1 Theo Walcott (5.), 1-1 Leroy Sané (47.), 2-1 Raheem Sterling (71.).

**Tottenham - Burnley 2-1**
0-1 Ashley Barnes (21.), 1-1 Dele Alli (27.), 2-1 Danny Rose (71.).

**Bournem. - Southampt. 1-3**
1-0 Nathan Aké (6.), 1-1 Ryan Bertrand (14.), 1-2 Jay Rodriguez (48.), 1-3 Jay Rodriguez (85.).

**C. Palace - Chelsea 0-1**
0-1 Diego Costa (43.).

**Middlesbr. - Swansea 3-0**
1-0 Alvaro Negredo (18.), 2-0 Alvaro Negredo, víti (29.), 3-0 Marten de Roon (58.).

**Stoke - Leicester 2-2**
1-0 Bojan Krkic , víti (39.), 2-0 Joe Allen (45.+3), 2-1 Leonado Ulloa (74.), 2-2 Daniel Amartey (88.).

**Sunderland - Watford 1-0**
1-0 Patrick van Aanholt (49.).

**West Ham - Hull City 1-0**
1-0 Mark Noble, víti (76.).

**WBA - Man. Utd 0-2**
0-1 Zlatan Ibrahimovic (5.), 0-2 Zlatan Ibrahimovic (56.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 17 | 14 | 1 | 2 | 35-11 | 43 |
| Man. City | 17 | 11 | 3 | 3 | 36-20 | 36 |
| Liverpool | 16 | 10 | 4 | 2 | 40-20 | 34 |
| Arsenal | 17 | 10 | 4 | 3 | 38-19 | 34 |
| Tottenham | 17 | 9 | 6 | 2 | 29-12 | 33 |
| Man. Utd. | 17 | 8 | 6 | 3 | 24-17 | 30 |
| Southampt. | 17 | 6 | 6 | 5 | 17-16 | 24 |
| WBA | 17 | 6 | 5 | 6 | 23-21 | 23 |
| Everton | 16 | 6 | 5 | 5 | 21-20 | 23 |
| Bournem. | 17 | 6 | 3 | 8 | 23-28 | 21 |
| Stoke | 17 | 5 | 6 | 6 | 19-24 | 21 |
| Watford | 17 | 6 | 3 | 8 | 21-29 | 21 |
| West Ham | 17 | 5 | 4 | 8 | 19-31 | 19 |
| M'Brough | 17 | 4 | 6 | 7 | 16-19 | 18 |
| Leicester | 17 | 4 | 5 | 8 | 23-29 | 17 |
| Burnley | 17 | 5 | 2 | 10 | 16-28 | 17 |
| C. Palace | 17 | 4 | 3 | 10 | 28-32 | 15 |
| Sunderland | 17 | 4 | 2 | 11 | 15-28 | 14 |
| Swansea | 17 | 3 | 3 | 11 | 20-37 | 12 |
| Hull City | 17 | 3 | 3 | 11 | 16-36 | 12 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**

Swansea City
**Gylfi Þór Sigurðsson**

Lék allan leikinn fyrir Swansea sem steinlá, 3-0, fyrir Middlesbrough á útivelli. Átti tvö hættuleg skot í leiknum.

Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**

Er enn á sjúkralistanum og lék ekki með Burnley sem laut í lægra haldi fyrir Tottenham á White Hart Lane.

Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**

Lék allan leikinn fyrir Cardiff sem tapaði 3-4 fyrir Barnsley á heimavelli.

Wolverhampton Wanderers
**Jón Daði Böðvarsson**

Lék síðustu sjö mínúturnar í mikilvægum 0-2 útisigri Wolves á Nottingham Forest.

Fulham
**Ragnar Sigurðsson**

Lék fyrri hálfleikinn þegar Fulham og Derby County skildu jöfn á Craven Cottage.

Bristol City
**Hörður B. Magnússon**

Stóð vaktina í vörn Bristol City sem tapaði 1-2 fyrir Preston á heimavelli.



Jesse Lingard virðist hálf hræddur við Zlatan Ibrahimovic sem stekkur í átt að honum eftir að hafa komið Manchester United yfir snemma leiks gegn West Brom. Lingard átti þá fyr

# Napóleon fótboltans leggur Engla

Zlatan Ibrahimovic skoraði bæði mörk Manchester United í 0-2 útisigri á West Brom á laugardaginn. Hann hefur
mörk í ensku úrvalsdeildinni. Þrátt fyrir að vera 35 ára gamall spilar Zlatan alla leiki og leikstíllinn á Englandi virð

**FÓTBOLTI** „Margir spila á sama staðnum allan ferilinn. En ég hef ferðast um eins og Napóleon og komið, séð og sigrað alls staðar þar sem ég hef drepið niður fæti.“

Það eru ekki margir fótboltamenn sem hafa hugmyndaflug til að líkja sér við Napóleon Bónaparte. En Zlatan Ibrahimovic er ekki eins og flestir fótboltamenn. Raunar á hann engan sinn líka.

Eftir að hafa orðið franskur meistari fjórða árið í röð með Paris Saint-Germain og skorað 38 mörk í 31 deildarleik ákvað Zlatan að endurnýja kynnin við José Mourinho hjá Manchester United. Þetta var stórt skref fyrir Svíann, að reyna sig í erfiðustu deild í heimi 35 ára að aldri.

### Tekur slaginn

Aldurinn virðist engin fyrirstaða fyrir Zlatan sem hefur aðeins misst af einum deildarleik í vetur. Markvörðurinn David De Gea er eini leikmaður United sem hefur spilað fleiri mínútur en Zlatan í deildinni.

Maðurinn er augljóslega í frábæru formi og heldur sér vel við. Svo hentar enska úrvalsdeildin Zlatan vel. Hann virðist njóta þess að kljást við líkamlega sterka miðverði deildarinnar, enda mikill að burðum. Strax í leiknum um Samfélagsskjöldinn sýndi Zlatan að hann var tilbúinn fyrir enska boltann, þegar hann skoraði sigurmark United eftir að hafa sigrað Wes Morgan, fyrirliða Leicester, í háloftabardaga.

Tölfræðin talar líka sínu máli. Enginn leikmaður hefur brotið oftar af sér í ensku úrvalsdeildinni í vetur en Zlatan (38) og gulu spjöldin eru orðin fimm talsins. Það hljómar e.t.v. kjánalega að hrósa manni fyrir að brjóta af sér og fá spjöld en það sýnir að Zlatan er meira en tilbúinn í líkamlega baráttu. Það þarf ekki að koma á óvart að Zlatan æfir bardagaíþróttir til að halda sér í formi.

### Tíu mörk í níu leikjum

Mikilvægast af öllu er þó að Zlatan er búinn að skora 11 mörk í ensku úrvalsdeildinni í vetur, jafn mörg og markahæsti leikmaður United á síðasta tímabili, Anthony Martial, gerði.

Eftir þurrkatíð frá miðjum september og fram í byrjun nóvember, þar sem Zlatan skoraði aðeins eitt mark í 11 leikjum, hefur Svíinn verið sjóðheitur að undanförnu. Í síðustu níu leikjum hefur hann skorað 10 mörk, þar af tvö gegn West Brom í fyrradag.

Sóknarleikurinn var vandamál United á síðasta tímabili enda skoraði liðið aðeins 49 mörk í deildinni. Eftir 17 umferðir í ár eru mörkin orðin 24. Það er s.s. ekkert tilefni til að skála – sex lið hafa skorað fleiri

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Manchester City lyfti sér upp í 2. sæti deildarinnar með 2-1 sigri á Arsenal á Etihad. Strákarnir hans Peps Guardiola voru undir í hálfleik en sneru dæminu sér í vil í seinni hálfleik og unnu góðan sigur, þökk sé mörkum frá Leroy Sané og Raheem Sterling.

**Hvað kom á óvart?**
Leicester City náði í stig gegn Stoke City þrátt fyrir að vera tveimur mörkum og einum færri þegar 16 mínútur voru til leiksloka. Leonardo Ulloa minnkaði muninn tveimur mínútum eftir að hann kom inn á sem varamaður og Daniel Amartey tryggði Englandsmeisturunum svo dýrmætt stig þegar hann skoraði jöfnunarmarkið á 88. mínútu.

**Mestu vonbrigðin**
Eftir góðan fyrri hálfleik gegn Man City missti Arsenal tökin í þeim seinni þar sem lykilmenn á borð Mesut Özil fóru í felur. Arsenal þurfti að sætta sig við 2-1 tap en þetta var annað tap liðsins í röð. Skytturnar eru nú skyndilega lentar níu stigum á eftir toppliði Chelsea.

## Leikmaður helgarinnar



Síðustu tvö ár hafa verið erfið fyrir Jay Rodriguez, framherja Southampton. Hann sló í gegn tímabilið 2013-14, skoraði 15 mörk í ensku úrvalsdeildinni og vann sér sæti í enska landsliðinu. Í leik gegn Manchester City 5. apríl 2014 sleit Rodriguez krossband. Draumurinn um að fara með á HM í Brasilíu var því úti og svo fór að Rodriguez spilaði ekki leik tímabilið 2014-15. Hann sneri aftur á síðasta tímabili en náði aldrei neinu flugi, var aðeins þrisvar sinnum í byrjunarliði í úrvalsdeildinni og skoraði ekki mark. Það fór ekki mikið fyrir Rodriguez framan af þessu tímabili en hann minnti hressilega á sig í gær þegar hann skoraði tvívegis í 1-3 sigri á Bournemouth á útivelli.
Það væri gulls ígildi fyrir Southampton ef Rodriguez finnur aftur sitt fyrra form, sérstaklega í ljósi þess að aðalframherji liðsins, Charlie Austin, verður frá vegna meiðsla næstu 3-4 mánuðina. Þrátt fyrir að hafa misst sterka leikmenn í sumar er Southampton í fínum málum í 7. sæti úrvalsdeildarinnar.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
19. DESEMBER 2016 MÁNUDAGUR

# BJARTARA YFIR HÚSGAGNASMÍÐI

**Útskriftarnemar** í húsgagnasmíði við Tækniskólann héldu sýningu á verkum sínum fyrr í þessum mánuði. Ungt fólk sýnir iðnnámi meiri áhuga en áður enda er námið mjög praktískt og býður upp á fjölbreytt störf og góða tekjumöguleika.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Sex útskriftarnemar í húsgagnasmíði við Tækniskólann í Reykjavík héldu sýningu á verkum sínum fyrr í þessum mánuði. Hópurinn sýndi útskriftarverkefnin sín sem hann hafði unnið að alla önnina, þar á meðal skenka, skápa og stofuborð ásamt afrakstri annarra áfanga námsins, t.d. hæginda- og borðstofustóla, skápa og skenka. Auk þeirra sýndu einnig nemendur í stóla- og skápasmíði verkefni sín.

Einn útskriftarnemendanna er Indíana Auðunsdóttir en nemendum í húsgagnasmíði hefur fjölgað undanfarin hér á landi. Hún segir löngunina til að skapa og vinna eitthvað í höndunum helst reka ungt fólk í námið. „Húsgagnasmíðin þjálfar verksvit, nákvæmni og næmni fyrir smáatriðum sem nýtist í svo mörgu. Bóknámið hefur verið miklu vinsælla síðustu árin og þótt fínna nám. Nú er hins vegar ungt fólk opnara fyrir því að bóknám henti alls ekki áhugasviði allra. Enda er iðnnám mjög praktískt og býður upp á fjölbreytt störf og góða tekjumöguleika enda kallar vinnumarkaðurinn hreinlega eftir fleira iðnmenntuðu fólki.“

## MARGT FRÁBÆRT Í BOÐI

Hún segir húsgagnasmíðina vera viðkvæma grein en nú hafi hún á tilfinningunni að tækifærin séu að aukast og uppbygging í ferðaþjónustunni hjálpar þar til. „Það varð auðvitað algjört hrun í greininni fyrir nokkrum áratugum þegar innflutningur á húsgögnum jókst. Ef hart er í ári er minna um verkefni og þá þurfa smiðirnir að breyta um kúrs. Mörg fyrirtæki bera sig þó eftir því að kaupa íslenskt handverk sem hjálpar faginu að styrkjast.“

Hún segir litlar líkur á að ódýrari húsgagnaframleiðsla geti verið samkeppnishæf við erlendan markað. Möguleikarnir liggi fyrst og fremst í hvers kyns sérsmíði og hönnunarvöru. „Vinnuafl og efniviður er dýrt á Íslandi en ef við náum að skapa okkur nafn með sterka hönnun eru meiri líkur á árangri. Það eru margir sem kunna að meta hönnun og handverk og eru sáttir við að greiða meira fyrir vöru sem er einstök eða framleidd í litlu upplagi. Mörg verkstæði eru að gera virkilega frábæra hluti en það getur tekið tíma fyrir þau að verða þekkt fyrir framleiðsluna sína. Aðstoð frá utanaðkomandi aðilum, eins og t.d. Hönnunarmiðstöð, við að koma vörum á framfæri er mjög dýrmæt.“

## BREITT ALDURSBIL

Nám í húsgagnasmíði eru fimm annir á skólabekk auk 72 vikna starfsnáms. „Byrjað er á algjörum grunnatriðum í náminu, eins og að læra að vinna með handverkfærum og læra á vélar. Þegar líður á námið verður það virkilega skemmtilegt því þá byrjar maður að smíða eiguleg húsgögn eins og stóla og skápa. Við tökum einnig mörg fög sem tengjast fleiri byggingargreinum og marga teikniáfanga. Þegar kemur að lokaverkinu fá nemendur að smíða eftir eigin hönnun en verkið þarf þó að sýna fram á kunnáttu í vissum verkþáttum eins og spónlagningu, smíði úr heilvið, hurða- og skúffugerð og fleira í þeim dúr. Aldursbilið á nemendum er ansi breitt en þar sem námið snýst að miklu leyti um sjálfstæð vinnubrögð undir handleiðslu kennara þá nær það að vera eins krefjandi og hentar hverjum og einum.“

**Myndir frá sýningunni má skoða á Facebook-síðu Tækniskólans.**



**Hluti útskriftarnema í húsgagnasmíði við Tækniskólann sem sýndi verk sín sýningunni fyrr í desember. F.v.: Laufey Árnadóttir, Sigurður Dagur Einarsson, Tómas Þórsson og Indíana Auðunsdóttir. Á myndina vantar Þorstein Má Jónsson og Marinó Sigurðsson.** MYND/ANTON BRINK



**Innskotsborð úr hnotu og hlyn eftir Tómas Þórsson.**



**Svarbrúnt sófaborð úr reyktri eik eftir Þorstein Má Jónsson.**



**Tekkskenkur eftir Indíönu Auðunsdóttur.**

MYCONCEPTSTORE
FALLEGAR JÓLAGJAFIR


Rains regnfatnaður
Verð frá 12.800,-


Loftbelgir
Verð frá 4.900,-



Úrval af ljósmyndabókum


Plötuspilari
Verð frá 29.900,-


Úr frá
Verð frá 16.900,-


Skartgripir í miklu úrvali


Rains Töskur
Verð frá 12.900,-

MYCONCEPTSTORE
Verslun: Laugavegur 45 / Sími: 519 66 99 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*












Ása hannar undir heitinu Stilkar en hún steypir vasa í mót sem hún tók af hvannarstilkum.



Fallegt jólaskraut á grein eftir Ásu



Blómapottarnir eru steyptir eftir gömlum glerskálum.



Heimilisleg og kósí stemming á vinnustofunni.

# STEYPIR SKRAUT OG HVANNARSTILKA

**Ása Tryggvadóttir** keramikhönnuður sækir hugmyndir til íslenskrar náttúru. Hún hefur opnað vinnustofu sína að Vatnsstíg 3 aftur eftir nokkurra mánaða hlé og verður með uppákomur og opið hús fram að jólum.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Ég opnaði vinnustofuna mína nýlega aftur eftir hálfsárs hlé en ég er nýstaðin upp úr veikindum. Það er gott að vera komin aftur af stað og hressandi að hitta fólk. Ég verð með opið hús og skemmtilegar uppákomur á vinnustofunni minni fram að jólum og hef til dæmis verið með bókakvöld þar sem höfundar hafa lesið upp," segir Ása Tryggvadóttir keramikhönnuður.

Ása hannar undir heitinu Stilkar en ein af hennar vinsælustu vörum eru vasar sem draga form sitt af hvannarstilkum.

„Ég fór í diploma-nám í myndlistaskóla Reykjavíkur og útskrifaðist þaðan ekki fyrir svo löngu. Útskriftarverkefnið mitt hét Hvannarstilkar. Ég tók mót af hvönn og geri eins og afrit af íslensku náttúrunni. Ég geri nokkrar gerðir af mismunandi stilkum sem hafa verið afar vinsælir hjá mér. Fólk vill hafa hluti tengda náttúrunni inni hjá sér. Þá geri ég blómapotta sem eru byggðir á hálfgerðri nostalgíu. Ég festi saman gamlar glerskálar og bjó til pott sem ég geri svo mót af. Ég er mest að steypa en er búin að útvega mér rennibekk og verð vonandi á nýju ári með rennda muni."



Ása Tryggvadóttir keramiker hefur opnað vinnustofu sína að Vatnsstíg 3 eftir nokkurra mánaða hlé. Hún verður með uppákomur og opið hús fram að jólum.
MYND/EYÞÓR

Ása segir handverkið lengi hafa blundað í sér. Hún er leikskólakennari að mennt og vann að myndlist með börnum. Áður en hún fann sína hillu í keramikinu hafði hún sótt ýmiss konar námskeið hjá Myndlistaskóla Reykjavíkur og stundað nám við Iðnskólann í Hafnarfirði, þar sem hún vann mikið með málm.

„Ég var meðal annars að gera skartgripi sem ég seldi í Sautján. Ég gerði til dæmis skartgripina fyrir Birgittu Haukdal þegar hún keppti fyrir Íslands hönd í Eurovision.

Svo fann ég mína hillu í keramikinu. Ég hlakka alltaf til að mæta í vinnuna mína á vinnustofunni. Það eru svo miklir möguleikar í keramikinu og það finnst mér heillandi. Á meðan á veikindaleyfinu stóð fékk ég margar hugmyndir sem ég er að þróa áfram og vonandi kemur eitthvað spennandi út úr því á næsta ári," segir Ása.

**Nánar má fylgjast með hönnun hennar og uppákomum fram að jólum á stilkar.is á Facebook.**

heimili fasteignasala
– á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali
Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali
Brynjólfur Snorrason
Gunnlaugur A. Björnsson
Ásdís Írena Sigurðardóttir
Finndu okkur á Facebook

530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur
og löggiltur fasteignasali
694 6166

Úlfar F. Jóhannsson
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir.
Lita og innanhús Stílisti.
Í Löggildingarnámi
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 7744 | www.valholl.is



Íbúðin er tilbúin til innréttingar.



Stórar svalir með miklu útsýni.

# Glæsileg þakíbúð í miðbænum

**Miklaborg og Þórunn Pálsdóttir, löggiltur fasteignasali, kynna í einkasölu: Vatnsstígur 14, 801. Glæsilegt 182,4 fm lúxus þakíbúð á 8. og efstu hæð. Eignin nær yfir alla hæðina og gengur lyftan beint upp. Frábært útsýni til sjávar og yfir borgina. Samtals 72 fermetra þaksvalir.**

Eignin er tilbúin til innréttinga og því er einstakt tækifæri til að hanna glæsieign eftir sínu höfði. Einstaklega björt íbúð með miklum og nánast gólfsíðum gluggum þannig að frábært útsýnið og samspilið við þakgarðinn mynda skemmtilega heild.

Úr lyftunni á hægri hönd er komið í bókastofu sem snýr til vesturs þaðan sem gengið er út á glæsilegar þaksvalir sem ná meðfram allri vesturhlið hússins frá suðri til norðurs. Glæsilegt útsýni frá þaksvölunum og úr íbúðinni bæði yfir borgina og til sjávar. Næst tekur við stofan sem er í norðvesturhorni þakíbúðarinnar með gólfsíðum gluggum og tilheyrandi útsýni. Þriðja stofan er borðstofa með gríðarlegri lofthæð og einstaklega stórum glugga frá gólfi og alla leið upp í loft.

Í eldhúsi er bjart og skemmtilegt útskot til austurs með gólfsíðum gluggum. Við hliðina er þvottahús og baðherbergi. Næst tekur við hjónaherbergi með baðherbergi inn af og þar við hliðina barnaherbergi og síðan aftur lyftan því eignin er skemmtilega skipulögð í hring með mjög góðu flæði. Úr hjónaherbergi er gengið út á skjólgóðar og sólríkar suðursvalir með útsýni yfir borgina.

Tvö samliggjandi stæði í bílageymslu á besta stað alveg við innganginn í stigahúsið fylgja með ásamt 14,2 fermetra geymslu sem er inni í íbúðarfermetrum.

Einstaklega vegleg og tilkomumikil eign á besta stað í miðborginni. Verðið er 149,5 m og vel kemur til greina að taka eignir upp í.

***Allar frekari upplýsingar gefur Þórunn í s:773-6000 og í thorunn@miklaborg.is***

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Tröllaborgir 10 - 112 Reykjavík



Hringdu og bókaðu skoðun





Mjög fallegt og vel skipulagt 184,2 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr og glæsilegu útsýni við Tröllaborgir 10 í Grafarvogi. Falleg lóð með stórum veröndum. Stórt hellulagt bílaplan með hitalögn. Stór timburverönd með heitum potti og útisturtu. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofu, borðstofu og bílskúr. Fallegar innréttingar og gólfefni. **V. 74,9 m.**

## Ástu-Sóllijugata 30-34 - 270 Mosfellsbær



Hringdu og bókaðu skoðun



Falleg 182 m2 raðhús á tveimur hæðum við Ástu-Sólliljugötu í Mosfellsbæ. Um er að ræða vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúrum við Ástu-Sóllijljugötu í Mosfellsbæ.
Á jarðhæð eru 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og fataherbergi. Á efri hæðinni er bílskúr, forstofa, geymsla, eldhús og svalir. Húsin afhendast tilbúin til innréttinga.
**V.53,5 – 54,9 m.**

## Gerplustræti 24 – 270 Mos.

Laus við kaupsamning



Hringdu og bókaðu skoðun

Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúðir með sérinngangi á jarðhæð í nýju fjölbýlishúsi. Bílastæði í opnum bílakjallara. HTH innréttingar, harðparkt á gólfum, en gólf baðherbergis og forstofu eru flísalögð. **V. 37,9 m.**

## Árakur 5 - 210 Garðabær



Hringdu og bókaðu skoðun

103,6 m2 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í fallegu fjölbýlishúsi við Árakur 5 í Garðabæ. Um er að ræða fallega, bjarta og vel skipulagða íbúð á jarðhæð með sér inngangi og hellulagðri verönd. **V. 45,7 m.**

## B-Tröð 11 – Hesthús



Hringdu og bókaðu skoðun

Hesthús við B-Tröð 11 í Víðidal. Húsið rýmir 7 hesta. 3 tveggja hesta safnstíur og eina eins hesta. Rúmgóð hlaða og hnakkageymsla. Á efri hæðinni er kaffistofa með eldhúskrók. Gott geymslupláss og salerni. **V. 12,9 m.**

## Gerplustræti 27 - 270 Mosfellsbær



Rúmgóð og falleg 143,4 m2, 4-5 herbergja endaíbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í bílakjallara í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og þrjú svefnherbergi, hægt væri að bæta við því fjórða herberginu en þá minnkar stofan. Sérgeymsla í kjallara. Fallegar innréttingar og gólfefni. Gólfhiti. **V. 48,9 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

## Leirutangi 35A - 270 Mosfellsbær



Björt og vel skipulögð 102,7 m2 íbúð með sérinngangi á 2. hæð í fjórbýlishúsi. Eignin skiptist í forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, tvö svefnherbergi og herbergi á rislofti. Garður með timburverönd í suður. Geymsluskúr með rafmagni er á timburverönd og kofi með rafmagni á lóð. **V. 40,9 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

## Leirutangi 43B - 270 Mosfellsbær



92,2 m2, 2-3ja herbergja íbúð á neðri hæð í fjórbýlishúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi og rými sem er gluggalaust, en það skiptist í herbergi, þvottahús og geymslu. Afgirtur sérgarður með timburverönd er fyrir framan húsið. **V. 34,5 m.**

Hringdu og bókaðu skoðun

## Klapparhlíð 24 - 270 Mosfellsbær



Falleg 113,5 m2, 4-5 herbergja endaíbúð með fallegu útsýni á 2. hæð. Eignin skiptist í forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og þrjú svefnherbergi(fjögur á teikningu). Þetta er falleg og björt íbúð á vinsælum stað í Mosfellsbæ. Stutt í skóla, leikskóla, sund og líkamsræktarstöð. **V. 41,5 m.**

Laus við kaupsamning

Hringdu og bókaðu skoðun

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

*Sala fasteigna frá* **1957**

*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

2013 - 2015 Framúrskarandi fyrirtæki



Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali, sölustjóri · Magnea S. Sverrisdóttir, MBA, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali · Reynir Björnsson, hagfræðingur, lögg. fasteignasali · Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali · Brynjar Þ. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s. · Brynja Björg Halldórsdóttir, hdl., löggiltur fasteignasali · G. Andri Guðlaugsson lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Gunnar Jóhann Gunnarsson hdl., löggiltur fasteignasali · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari · Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari · Anna M. Sigurðardóttir, ritari

## TJARNARGATA 38, 101 REYKJAVÍK







Reisulegt 252,4 fm einbýlishús staðsett á einstökum stað í miðborg Reykjavíkur. Húsið stendur á 369 fm eignalóð. Um er að ræða hús á tveimur hæðum auk kjallara og baðstofulofts. Húsið er timburhús og byggt árið 1924. Eign sem býður upp á mikla möguleika. **Verð: 120 millj.**

**Nánari uppl. veita: Guðlaugur Ingi Guðlaugsson lögg.fasteignasali í síma 864-5464 eða gudlaugur@eignamidlun.is og Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali sverrir@eignamidlun.is**

## GRANDAVEGUR 47, 107 REYKJAVÍK





Mjög falleg samtals 108,6 fm íbúð á 7. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin er skráð 85,5 fm og stæði í bílageymslu 23,1 fm. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, tvö herbergi, baðherbergi og þvottahús. Geymsla er í kjallara. Stórglæsilegt útsýni er úr íbúðinni m.a. sjávar og fjallasýn. Íbúðin er fyrir 60 ára og eldri. Sameiginlegur salur á 10. hæð og líkamsræktaraðstaða, sauna, heitur pottur og fl. á 1.hæð. **Verð 44,5 millj.**

**Nánari uppl. veitir Magnea S. Sverrisdóttir fast.sali s: 861 8511, magnea@eignamidlun.is**

## BLIKAÁS 13, 221 HAFNARFJÖRÐUR






Mjög góð 119 fm 4ra herbergja endaíbúð í litlu fjölbýlishúsi við Blikaás í Hafnarfirði. 6 íbúðir eru í húsinu. Sér inngangur er í íbúðina. Íbúðin skiptist m.a. í forstofu, stofu, eldhús, þrjú herbergi og baðherbergi. Einnig eru þvottahús og geymsla innan íbúðar. Svalir útaf stofu. **Opið hús mánudaginn 19. des. n.k. milli 17:00 og 17:30.** **V. 43,9 m.**

## SAFAMÝRI 49, 108 REYKJAVÍK





Snyrtilega fimm herbergja hæð með sérinngang og bílskúr við Safamýri. Íbúðin skiptist í anddyri, fjögur svefnherbergi, baðherbergi, stofu og borðstofu, eldhús og búr. Í kjallaranum er sameiginlegt þvottahús og sér geymsla. Góður bílskúr fylgir íbúðinni. **V. 59,9 m.**

## SKÚLAGATA 20, 101 REYKJAVÍK



